

**Ed.**

**931. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um fræðslumál.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að tillaga þessi verði samþykkt, og þótt hún telji, að hin einstöku atriði hennar kalli misjafnlega mikið að, þá leggur hún ekki til, að neinar breytingar sjeu gerðar á búningi hennar.

Að eins vill nefndin sjerstaklega benda á, að af skjölum, sem hún hefir haft i höndum við athugun málsins, hefir hún sannfærst um, að nauðsynleg sje orðin tvískifting sú á 3 efstu bekkjum mentaskólans, sem liður II. 1. í tillögunni ræðir um.

Að öðru leyti verður um málið farið nokkrum orðum í framsögu.

Alþingi, 20. sept. 1919.

Eggert Pálsson,  
form.

Kristinn Danielsson,  
ritari.

Guðm. Ólafsson.